

Fornleifarannsókn á Þingvöllum

Vegna framkvæmda við Þingvallakirkju 2009



Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, Sigrid Cecilie Juel Hansen

Með viðaukum eftir Etel Colic, Aline Wacke, Guðrún Jóna Þráinsdóttir, Lísabet Guðmundsdóttir og
Magnús Á Sigurgeirsson

Mars 2012

NV nr. 03-12

Efnisyfirlit

Inngangur	3
1. Fornleifauppgröftur	5
1.1 Markmið og aðferðafræði	5
1.2 Fornleifarannsókn	5
1.3 Svæði B suðurhlíð kirkju	6
1.4 Svæði C utan við kirkjugarðsvegg	8
2. Niðurstöður -Samantekt	9
2.1 Stétt frá kirkjubyggingu	9
2.2 Lífrænt lag (gólflag) og eldstæði framan við kirkju	10
2.3 Bygging suður af kirkju	11
2.4 Merkilegir gripir	13
3. Artifacts from the 2009 Þingvellir excavation	16
3.1 Metal artifacts:	16
3.2 Ceramics	21
3.3 Claypipes:	23
3.4 Glass	23
3.5 Stones	24
3.6 Organic material	26
3.7 Conclusion	26
Heimildarskrá	27
Viðbætur 1: Einingaskrá	29
Viðbætur 2: Harris Matrix	31
Viðbætur 3: Ljósmyndaskrá	33
Viðbætur 4: Vesturhlíð Svæði A	35
Viðbætur 5: Contextar á Vesturhlíð Svæði A	Error! Bookmark not defined.
Viðbætur 6: Suðurhlíð Svæði A	36
Viðbætur 7: Gjóskulagagreining	37
Viðbætur 8: C14 greiningar	39
Viðbætur 9: Finds register/Gripaskrá	40

Myndaskrá:

Mynd 1 Loftmynd sem sýnir uppgraftarsvæðin A,B og C	3
Mynd 2. Sléttir steinar (stétt) ekki var grafið dýpra en svæðið stækkað um 2 metra þar sem dúkur er. Myndin er tekin eftir að gras var fjarlægt	5
Mynd 3. Lagið sem hringurinn fannst í sést á myndinni inn í hringnum, greinilega ólíkt.	8
Mynd 4. Svæði C þar sem raskaður öskuhaugur fannst ofan á landnámslagi	8
Mynd 5. Landnámsgjóska „in situ,, undir öskuhaugnum	8
Mynd 6. Á myndinni sjást umræddir steinar undir núverandi kirkjugrunni og svipar þeim mjög til stéttarinnar sem tilheyrir hefur eldri kirkju	10
Mynd 7 Uppdráttur af alþingisstaðnum, sennilega frá 1781-1782	11
Mynd 8. Yfirlitsmynd og teikning af svæði B við suðurhlið kirkjunnar	12
Mynd 9. Skýringarmynd eftir Vilhjálmi Örn þar sem hann hefur sett liti máli sýnu til skýringar	13
Mynd 10 F-4 Lóð	14
Mynd 11 Myntin sem fannst á Þingvöllum árið 2009	15
Mynd 12 Selection of small to medium sized nails and studs	16
Mynd 13 Selection of large to medium sized nails of various types	17
Mynd 14 F-174 Knife	17
Mynd 15 F-332 possibly part of hinge or fitting	18
Mynd 16 F-322 and F-319 fittings and F-318 punch to the right.	18
Mynd 17 Iron tap slag F-255	18
Mynd 18 Bronze/Copper nail selection from [9] left and the 3 nails from [21] right	19
Mynd 19 Bronze coin F-206 left and silver coin F-153 right	20
Mynd 20 Lead finds	20
Mynd 21 Claypipes	23
Mynd 22 Samples of decorative glass wares	23
Mynd 23 Stones from the hearth and floor	25
Mynd 24 Tuff/vikur stone F-256	25
Mynd 25 Fruitstone F-211	26
Mynd 26 Leather F-207	26

Inngangur

Þann 25. mars 2009 hófust framkvæmdir við kirkjuna á Þingvöllum í tilefni þess að 150 ár voru frá byggingu hennar. Að þessu tilefni var ákveðið að hefja framkvæmdir við kirkjuna sem fólu í sér að gamla stéttin við kirkjuna var fjarlægð, skipt um jarðveg og svo loks lögð ný stétt.

Fyrirhugað var að leggja stétt við suðurhlið kirkjunnar vegna mikils átroðnings ferðamanna að glugga kirkjunnar.

Þáverandi þjóðgarðsvörður hafði fundað með forstöðumanni Fornleifaverndar ríkisins við undirbúning verksins. Í kjölfar þess fundar var haft samband við fornleifadeild Byggðasafns Árnesinga og fornleifafræðingur deildarinnar beðinn um að fylgjast með framkvæmdum.



Mynd 1 Loftmynd sem sýnir uppgriftarsvæðin A,B og C

Framkvæmdaefirlit sem fór fram árið 2006, benti til þess að minjar væru allt í kring um kirkjuna¹. Fornleifavernd ríkisins taldi því nauðsynlegt að fornleifafræðingur fylgdist með þegar stétt framan við kirkju yrði fjarlægð. Stjórnandi rannsóknarinnar var Margrét Hrönn Hallmundsdóttir, fornleifafræðingur. Við uppgröftinn starfaði Guðrún Jóna Þráinsdóttir fornleifafræðingur auk hennar, Margrét Björk Magnúsdóttir, Nikola Trbojevic, Adian Bell og Scott Ridell.

¹ H.M Roberts (2006:2)

Sérstakar greiningar voru gerðar af : Anton Holt, mynt og innsiglihringur. Dr. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson, innsiglihringur. Aline Wacke, krítarpípur. Etel Colic, keramik, Lísabet Guðmundsdóttir, viðargreiningar. Magnús Á. Sigurgeirsson jarðfærðingur gjóskulagagreining og fá þau öll bestu þakkir fyrir.

Einnig fá Dr. Ragnar Edvardsson, Ragnheiður Traustadóttir, Dr. Torbjörn Brorsson, Lýður Pálsson, Linda Ádísardóttir, Einar Á. Sæmundsen og Guðrún Kristinsdóttir ásamt öllum starfsmönnum þjóðgarðsins bestu þakkir fyrir veitta aðstoð við rannsóknina og eftirvinnslu.

Sigurður Oddsson þjóðgarðavörður lést stuttu eftir að rannsókn á vettvangi lauk en hann var mjög áhugasamur um uppgröftinn og niðurstöður hans og er skýrsla þessi helguð minningu Sigurðar.

Höfundar skýrslu eru Margrét Hrönn Hallmundsdóttir og Sigrid Cecilie Juel Hansen.

Framkvæmdaefirlit

Framkvæmdaefirlit hófst við Þingavallakirkju mánudaginn 23. mars 2009 og sá Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur um verkið. Framkvæmdaraðili hófst handa við að fjarlægja stétt og tröppur sem lágu frá kirkjugarðsvegg að kirkjudyrum. Stéttin framan við kirkjuna var gerð úr sléttu aðfluttu hraungrýti og talin lögð um miðja 20. öld þegar heiðursgrafreitir var gerður en engar ritaðar heimildir fundust um nákvæmlega hvenær stéttin var lögð. Við kirkjudyrum voru tröppur sem líklega voru eldri en stéttin en þær sjást á gömlum ljósmyndum og teikningum.

Þegar tröppur framan við kirkju voru fjarlægðar komu strax í ljós mannvistarlög.

Fornleifafræðingur hafði strax samband við Fornleifavernd ríkisins og greindi frá því að minjar hefðu fundist við kirkjuna. Fornleifavernd ríkisins fór fram á að fornleifarannsókn færi fram þar sem fyrirhugað var að leggja nýja stétt. Áætlað var að jarðvegsskipta undir hina nýju stétt en jarðvegsskipti yrðu í algjöru lámarki.

Fornleifadeild Byggðasafns Árnesinga tók í framhaldi að sér fornleifarannsókn við kirkjuna og stjórnandi rannsóknarinnar var Margrét Hrönn Hallmundsdóttir fornleifafræðingur. Sótt var um leyfi til fornleifarannsókna sem var veitt þann 24. mars 2009. Náttúrustofa Vestfjarða tók við eftirvinnslu á rannsókninni þar sem Margrét lét af störfum við Byggðasafn Árnesinga og hóf störf á Náttúrustofu Vestfjarða og flutti með sér allar rannsóknir sem stóðu yfir.

Víðtækara samráð var haft við Fornleifavernd ríkisins en venja er við fornleifarannsóknir þar sem minjar á Þingvöllum eru friðlýstar og þjóðgarðurinn er á heimsminjaskrá UNESCO. Stjórnandi rannsóknarinnar var í samband við Fornleifavernd á nokkra daga fresti og gaf munnlega skýrslu um gang mála. Allar ákvarðanir voru að auki bornar undir stofnunina.

1. Fornleifauppgröftur

1.1 Markmið og aðferðafræði

Markmið rannsóknarinnar var að fá hugmynd um hvaða minjar væru við kirkjuna og hversu gamlar þær væru. Þar sem minjarnar eru friðlýstar var kappkostað að grafa af eins mikilli nákvæmni og hægt var og setja niðurstöður í samhengi við fyrri rannsóknir við kirkjuna. Ekki var farið í sögu kirkna á Þingvöllum í þessari skýrslu og vísast til skýrslu Fornleifastofnunar Íslands ses frá 1999 þar sem er fjallað mjög ítarlega um Kirkjur á Þingvöllum².

Við rannsóknina var beitt *single context* uppgraftrartækni, þ.e. hver fornleifafræðileg eining var teiknuð, mæld, ljósmynduð og síðan grafin í burtu. Hugmyndafræðin bak við *single context* uppgraftrartækni byggir á því að hver mannvistareining er fjarlægð í öfugri tímaröð. Með því er saga uppgraftrarsvæðisins skráð af nákvæmni þar til að svæðið er komið á þann tímapunkt er mannvist hófst. Öllum jarðlögum er gefið númer sem sett eru í hornklofa [xx].

1.2 Fornleifarannsókn

Þrjú svæði voru grafin vegna þessara framkvæmda og var þeim gefið bókstafirnir A, B og C. Svæði A (framan við kirkju) Svæði B var eftir endilangri suðhlið kirkjunnar 7 metrar á lengd og tæplega 2 á breidd. Svæði C var framan við kirkjugarðsvegg til vinstri við inngang.

Svæði A var 4 metrar á breidd og 8 metrar á lengd og byrjað var að grafa tvo metra frá kirkjugrunninum til vesturs frá kirkjudyrum.

Undir stétt og tröppum [1] var gráleitt sendið lag [2] og í því var að finna mikið af brotum af sléttum og þunnum steinum, ekki ólíkum þakhellum. Þessum brotum hafði verið stungið inn á milli steina í kirkjugrunninum (sjá mynd 1) og þá sérstaklega bak við tröppurnar við kirkjudyrnar. Sandlagið var mjög hreyft og mikið af gripum í því sem virtust ekki vera mjög fornir, líklega frá 20. öld eða hugsanlega frá síðari hluta 19. aldar. Mikið var af nöglum í þessu lagi og gripum sem tengjast viðgerðum á kirkjunni í gegnum árin. Sandlag þetta hefur verið sett undir stéttina [1]. Þegar sandlagið [2] hafði verið fjarlæggt kom í ljós brúnleitt torfblandað moldarlag [3]. Lagið var mikið hreyft og í því var talsvert af flötum steinum eins og í sandlaginu [2] fyrir ofan moldarlagið [3]. Mikið var af gripum í moldarlaginu og voru þeir frá mismunandi tímum.

Undir hreyfðu lögunum komu í ljós sléttir steinar [4] hluti af eldri kirkju á svæðinu. Stéttin var gerð úr sléttum flötum hraunsteinum og voru stærstu steinarnir um 1 metri á breidd en þykkt þeirra var frá 15 til 20 cm. Steinarnir mynda tvær raðir og var sú sem næst var kirkjunni bogadregin en framan við þá röð var önnur röð með fjórum stórum steinum. Steinarnir fara undir grassvörðinn til norðurs.



Mynd 2. Sléttir steinar (stétt) ekki var grafið dýpra en svæðið stækkað um 2 metra þar sem dúkur er. Myndin er tekin eftir að gras var fjarlæggt

² Orri Vésteinsson (1999)

Steinarnir (stéttin) var grafin niður í [7] sem var torfblandað dökkbrúnt nokkuð þétt lag. Beint fyrir framan kirkjuna nærri einum af flötu steinunum var skurður [5] sem skar [7]. Fyllingin í skurðinum [6] var grásvört og samanstóð nær eingöngu af sandi og vatnsorfnum litlum steinum um 1-2 cm á breidd og var þetta lag mjög ólíkt lögunum í kring. Í þessu lagi sem var rétt um ½ metri á breidd var nokkuð mikið af gripum, t.d. nöglum og keramiki en ofarlega í þessu lagi fannst gullhringur sem fjallað verður nánar um síðar. Skurður og fylling voru undir moldarlaginu [3]. Gullhringur fannst í fyllingunni sem var greinilega ólíkt moldarlaginu í kring. Ákveðið var að fjarlægja ekki stéttina enda ljóst að undir henni var aðeins um nokkra sentimetra þykkur jarðvegur undir stéttinni og þar undir klöpp sem byggingar hafa verið byggðar á. Lagið [7] sem stéttin var grafin í var því ekki fjarlægt nema að hluta. Í samráði við Fornleifavernd ríkisins var ákveðið að fjarlægja ekki steinana (stéttina) og grafa ekki dýpra, en svæðið hinsvegar stækkað um 2 metra til vesturs frá kirkjunni (sjá mynd 2).

Grasrót [8] var fjarlægð með lítilli gröfu. Undir grasrót [8] var brúnt torfblandað lag [9] sem var þykkasta lagið af þeim mannvistarlögum sem grafin voru við rannsóknina. Efst í þessu lagi var nær samfellt gjóskulag [12].

Um 1,5 m frá norðvestur horni svæðisins var stoðarhola [10]. Hún var undir grasrótinni [8] og skar bæði brúna torflagið [9] og gjóskulagið [12] en þvermál hennar var 10 – 17 cm. Fyllingin í stoðarholunni [11] var gráleit og sendin. Næsta lag var gjóskulag [12] mjög fínt og blásvart. Sýni voru tekin og send í greiningu sem sýndi að þetta var gjóska frá Kötlu 1721.

Á afmörkuðu svæði voru nokkir steinar [13]. Aðeins einn steinn var óhreyfður og var hann stór, þungur og flatur að ofan. Í kring um steinana voru slitur af torfblönduðu lagi [14], undir [9]. Þetta gæti hugsanlega verið torf úr vegg þar sem það var aðeins leirkenndara. Undir [9] var gráleitt mannvistarlag [15]. Þegar það hafði verið fjarlægt kom í ljós hringlaga eldstæði [16]. Það var kolsvart af viðarkolum og nokkuð magn af brendum beinum. Talsvert magn af athylgisverðum gripum fundust í eldstæðinu. Eins og járnngjall F-255 sem hafði mikið járninnihald, stór vikursteinn F-256 sem hefur greinilega verið notaður sem einhverskonar áhald til að þússa með. Ein hlið hans var alveg slétt mögulega vegna núnings. Einnig fundust nokkur tinnu brot. Í kringum eldstæðið kom í ljós kolsvart mjög lífrænt lag [17] með mikið af kolum og brendum beinum og var það ílangt, 2.5 x 1 m að stærð. Lagið var mjög þjappað og augljóst að hér var um gamalt yfirborð að ræða. Ekki er hægt að fullyrða að hér hafi verið gólf þar sem ekki fundust skýr ummerki veggja sem hægt var að tengja mannvistarlaginu, en þó skal ekki útiloka þann möguleika.

Lífræna lagið [17] var beint ofan á klöpp og afmarkaðist til austurs af klöppinni þar sem hún hækkaði við kirkjustéttina [4].

Suður af eldstæðinu við gólfendann var mjög þjöppuð, brúnsvört kolasmítuð mold [18]. Í sprungum í klöppinni undir lífræna laginu [17] var að finna fíngert ljósrauðleitt lag [19] líklega leifar af þeim gróðri sem hefur verið á klöppinni áður er lífræna lagið [17] myndaðist. Afmarkað brunlag [20] fannst við kirkjustéttina [4] og ofan á torfblönduðu mannvistarlagi [7]. Í mannvistarlaginu voru rauðleit örsmábrot sem líktust helst brendum rauðleir.

1.3 Svæði B suðurhlið kirkju

Svæðið liggur við vesturhlið kirkjunnar og var sjö metrar á lengd eins og kirkjan og rétt yfir einn meter á breidd. Eldri viðgerðir á kirkjugrunni höfðu raskað mannvistarlögum í u.þ.b. hálfis metra fjarlægð frá kirkjunni. Ein könnunarhola af þeim þremur sem grafnar voru árið 2006, var grafin

fyrir miðri norðurhlið kirkjunnar³. Sömuleiðis höfðu framkvæmdir við kirkjuna árið 2008 hreyft við mannvistar/jarðlögum alveg við kirkjugrunninn.

Svæðið var opnað 2 metra til suðurs út frá kirkju og nam uppgraftrarsvæðið breidd þeirrar stéttar sem átti að leggja meðfram suðurhlið kirkjunnar.

Fyrst var skráður skurður [20] sem var grafinn við framkvæmdir árið 2008 og vísast í skýrslu Ugga Ævarssonar um framkvæmdaefirlit við Þingvallakirkju í október 2008⁴. Líklegt er að við framkvæmdirnar árið 2008 hafi verið grafið að hluta til upp úr þeim skurði sem grafinn var við byggingu kirkjunnar fyrir 150 árum. Grasrót [21] var fjarlægð þann 19. maí. Við kirkjuhliðina er sem skurður [20] afmarkaði skýrt rask við kirkjuna eftir endilangri hlið hennar og er sá skurður vegna viðgerða á kirkjugrunni. Fylling skurðsins [31] var mjög röskuð og laust í sér og í því fannst silfurpeningur frá 10. öld. Undir grasrót var sendið og dökkbrúnt mannvistarlag [22] um 1-5 cm á þykkt. Mikið af mól úr gangstígi sem lág meðfram kirkjunni hafði blandast þessu lagi. Talsvert var af yngri gripum í þessu lagi. Skurður [23] skar [21]. Þetta er stóra stoðarhol en hvaða byggingu hún tilheyrði er óljóst. Fyllingin í skurðinum [24] var mjög sendin, fíngerð og gráleit að lit en varð moldarkenndari eftir því sem neðar dróg í holuna. Stoðarholan var pökkuð steinum sem snéru sléttum hliðum inn í holuna og reyndist hún vera 80 cm á dýpt. Nokkuð af fíngerðu kolasmiti var í fyllingunni. Neðst í holunni voru nokkrir smáir steinar. Torfblandað mannvistarlag [25] var undir [22] appelsínubrúnt á lit, fíngert og er sennilega það sama og hefur númerið [9] á svæði A. Undir því var gjóskulag [26] (sama og [12] á svæði A) greint sem Katla 1721.

Við suðvestur horn kirkjunnar var greinilegt mjög skýr skurður [27] sem lá á ská yfir svæðið og skar lag [22],[25],[26]. Fyllingin í skurðinum [28] var blönduð miklu af rusli sem virtist ekki vera gamalt og að auki var lagið mikið raskað. Svart kolablandað lag [29] var beint undir fyllingunni [28] og hefur það sömu skírú afmörkun. Mikið af grjóti er í þessu lagi sem virðist ekki vera „in situ„. Lagið virðst helst vera útmokstur úr eldstæði en þegar lagið var fjarlægt kom í ljós að rafmagnsstrengur hafði verið lagður út frá kirkjunni með steyptri hlíf yfir. Þetta skýrir hvers vegna grjótið var svona mikið raskað þarna við hornið en svo virðist sem jarðvegur hafi verið fluttur annastaðar frá til að fylla upp í skurðinn sem var gerður við framkvæmdina. Mjög afmarkað dökkt kolablandað mannvistarlag [32] var undir [28] en að auki var talsvert magn af brenndum beinum blandað í það. Undir torfblandaða mannvistarlaginu [25] var grjóthleðsla og hluti veggjar sem liggur samhliða kirkjunni. Frá skurði [27] liggur þessi hleðsla óröskuð. Hleðslan snýr sléttu hlið steinana að kirkjunni. Steinn sem virtist vera einhverskonar þröskuldur var í steinaröðinni og sléttir hellusteinar suður af honum. Hleðslan liggur í austur/vestur átt meðfram kirkjunni. Torfhrun [33] sem liggur suður af hleðslu, er frekar afmarkað og lítið og ekki hægt að gera sér grein fyrir hvort það tengist þessum vegg eða einhverjum öðrum.

³ H.M Roberts. (2006:5)

⁴ Uggi Ævarsson (2008) Bréf um fornleifavöktun vegna framkvæmda við Þingvallakirkju.



Mynd 3. Lagið sem hringurinn fannst í sést á myndinni inn í hringnum, greinilega ólíft.

1.4 Svæði C utan við kirkjugarðsvegg

Vegna framkvæmdanna var nauðsynlegt að fjarlægja jarðveg við kirkjugarðsvegginn, rétt við eitt kirkjugarðshliðið.

Í ljós kom öskuhaugur [37] sem hafði að geyma nokkuð magn gripa sem virtust frá ólíkum tíma gler, keramik og járn. Vegna samsetningar öskuhaugsins var líklegt að honum hafi verið rutt til við ýmsar framkvæmdir á svæðinu fyrr á tímum. Það sem vakti hins vegar mesta athygli var að undir þessu rusllagi var jarðvegur með þykku lagi af landnámsgjósku [38]. Enginn landnámsgjóska hefur fundist á klöppinni en þar utanvið hefur verið gróið land í skjóli við klöppina. Af þessum sökum hefur landnámsgjóskan náð að festast þar en ekki á berri klöppinni þar sem hún hefur fokið af.



Mynd 5. Landnámsgjóska „in situ,, undir öskuhaugnum



Mynd 4. Svæði C þar sem raskaður öskuhaugur fannst ofan á landnámslagi

2. Niðurstöður -Samantekt

Við fornleifarannsóknina framan við kirkjuna (svæði A) á Þingvöllum komu í ljós minjar af tveimur byggingum. Annar vegar stétt sem líklega er frá kirkju/um sem staðið hefur á sama stað og núverandi kirkja ásamt eldstæði og mjög þéttu lífrænu lagi í kring um það sem líkist gólflagi. En vegna þess að lítill sem engin greinileg merki veggja fundust verður ekki hægt að fullyrða að um búð sé að ræða.

2.1 Stétt frá kirkjubyggingu

Stéttin sem kom í ljós fyrir framan núverandi kirkju var gerð út sléttu hellugrjóti sem var grafið ofan í jarðveginn. Í ritheimildum eru nefndar fjórar kirkjur á þessum stað auk þeirrar sem þar stendur í dag⁵. Fornleifastofnun Íslands Ses gerði árið 1999 fornleifarannsókn norðan við kirkjuna á Þingvöllum. Í skýrslu sem gefin var út um rannsóknina segir „ Kirkjugrunnur hefur verið reistur uppi á hólnum þar sem kirkjan stendur nú laust eftir 1500. Grafið hefur verið niður á fast og a.m.k. einfalt lag af hraungrýti lagt ofan á klöppina,“⁶.

Aðeins eru 10-13 sentimetrar frá klöpp að neðribrún hellnanna sem fundust framan við kirkju.

Árið 1810 var maður að nafni Henry Holland á ferð um Ísland og kom á Þingvelli. Hann lýsti kirkjunni á eftirfarandi hátt: „Þingvallakirkja er hrörlegasta kirkjan, sem við höfum séð á Íslandi að Krýsuvíkirkirkju einni undantekinni. Hún er mjög lítill og illa hirt. Gólfið er lagt hrjúfum hraun hellum.“⁷

Annar maður að nafni William Jackson Hooker hafði verið á ferð um Ísland árið áður eða árið 1809 og hann lýsti Þingvallakirkju á eftirfarandi hátt.

„Frá mjaltarstaðnum gengum við til kirkjunnar sem stendur á lítilli hæð skammt frá bústað prestsins. Þetta var einföld bygging, réttthyrnd með þykkum veggjum úr lagskiptu torfi og grjóti sem slúttu aðeins inn á við. Á kirkjunni var torfþak þéttvaxið grasi og hæðin upp að þakbrún var vart meiri en sextán til átján fet. Lágréttir furuplankar, ómálaðir voru aðeins á þeim gaflinum þar sem dyrnar voru. Lítill hurð var úr sama efni. Mér til undrunnar reyndist kirkjuskipið þétt sett trékistum í stað sæta, en mér skildist brátt að þær gegna ekki einungis hlutverki bekkja, heldur hafa þær að geyma klæðnað margra sóknarbarna. Fólkíð hefur alltaf aðgang að föggum sínum þarna því kirkjan er ekki læst. Veggir voru óþiljaðir með öllu og gólfin án slitlags ef fáeinir ólögulegir steinar sem annað hvort hafa verið settir þarna vísvitandi eða, eins og líklegra má teljast, að þeir hafi einfaldlega fengið að liggja þarna óhreyfðir á sínum stað þegar kirkjan var byggð.“⁸

Báðir þessir menn lýstu kirkjunni sem byggð var á Þingvöllum árið 1790. Þessar lýsingar eru mjög athyglisverðar þar sem þær lýsa báðar flötum hraunhellum inn í kirkjunni. Líklegt er að um sömu hellur sé að ræða og komu í ljós við uppgröftinn. Þar sem þessar hellur voru grafnar ofan í jarðveginn rétt ofaa við klöppina er alls ekki ólíklegt, eins og Hooker sagði að þær hafi verið þarna þegar kirkjan var byggð og þá líklega úr eldri kirkju.

⁵ Orri Vésteinsson 1999:21

⁶ Orri Vésteinsson 1999:20

⁷ Henry Holland 1960:210

⁸ William Jackson Hooker 2000:71

Heimildir eru til um kirkjur sem reistar voru á þessum sama stað árin 1640,1740,1790 og 1859 en á því ári var núverandi kirkja byggð⁹.

Annað sem vakti athygli voru stórir steinar undir grjóti hlöðnum grunni núverandi kirkju. Þeir steinar eru mjög flatir og eru ólíkir því grjóti sem kirkjugrunnurinn er hlaðin úr. Hugsanlegt er að þetta séu steinar út eldri kirkjubyggingu sem hafa verið endurnýttir og notaðir sem undirstöður í kirkjugrunn núverandi kirkju.



Mynd 6. Á myndinni sjást umræddir steinar undir núverandi kirkjugrunni og svipar þeim mjög til stéttarinnar sem tilheyrir hefur eldri kirkju

2.2 Lífrænt lag (gólfslag) og eldstæði framan við kirkju

Einn metra frá hellunum framan við kirkjuna suðvestamegin við kirkjudyrnar fannst eldstæði og þétt þjappað yfirborð í kringum það. Hugsanlega er þarna um að ræða eldunaraðstöðu sem hefur verið utan við búð, jafnvel búð en veggir vantar því til staðfestingar.

Lagið kringum eldstæðið var skýrt og afmarkað. Ef svæðið hefði verið opnað lengra til vesturs hefði e.t.v. verið hægt að gera sér betri grein fyrir hvort veggir hafa verið í kringum þetta lag.

Lífræna lagið kringum eldstæði var um 2 cm á þykkt, kolsvart og með beinaleifum í. Nokkuð magn af gripum fannst bæði í mannvistarlaginu og eldstæði og margir þeirra mjög athyglisverðir. Þó má segja að koparlóð sem fannst í gólfinu fast við eina steininn sem virtist vera óraskaður sé einn af merkari gripum sem fannst.

Sýni voru tekin út eldstæði og send í C14 greiningu en þau reyndust vera brennd bein og ekki hægt að greina aldur þeirra (sjá viðbætur 6). Sýni af viðarkolum voru einnig tekin en ekki send í greiningu þar sem niðurstöður viðarkola sýna geta gefið mjög villandi niðurstöður.


Vissulega bendir stærð lífræna mannvistarlagsins til þess að þarna hafi verið búð en skortur á greinilegum veggjum gera þá túlkun flóknari. Afmarkað þjappað yfirborð sýnir þó augljóslega að þarna var matast við eldstæði.

⁹ Orri Vésteinsson 1999:21

2.3 Bygging suður af kirkju

Suður af kirkju fannst veggur af byggingu og snéri slétta hlið steinana til norðurs eða að kirkjunni. Steinarnir eru allir í sömu hæð og hefur verið „púkað“ undir tvo steina með flötum steinum til að ná steinalögninni í rétta hæð. Mjög sérkennilegur steinn sem minnir einna helst á þröskuld er í beinni línu við vegginn og suður af honum eru tveir stórir flatir hellusteinar sem liggja suður og undir svörð. Ef um er að ræða hluta af kirkjubyggingu er eðlilegast að álíta að hér sé hliðarskip á kirkju. Í vísitasiu frá 1746 segir „i 6 stafgolfum under súd,alþiliud um hverfis í Chör og framkirkju til beggja hida¹⁰„ þessi lýsing bendir til þess að kirkjan hafi haft útbrot eða hliðarskip. Á teikningu frá 1781 eða '82 er þessi sama kirkja teiknuð með hliðarskipum. Flestar stærri miðaldaskirkjur voru byggðar með krosslega með hliðarskipum. Stór stoðarhola er við vegginn sem í hefur staðið stór og vegleg stoð. (sjá mynd 7).

Gjóskulag frá 1721 fannst yfir veggnum sem bendir til þess að þessi bygging hafi verið komin undir jarðveg þegar sú gjóska féll og veggurinn því tilheyrir eldri byggingu. Nauðsynlegt er að stækka uppgraftarsvæðið til suðurs til að sjá meira af byggingunni til að átta sig á um hverskonar byggingu er að ræða og hugsanlega notkun hennar. Grunnt undir grassverði finnst vel fyrir grjóti úr byggingunni og á stöku stað stingst grjót upp úr grasinu. Mjög athyglisverðar niðurstöður fengjust ef byggingin yrði grafin fram sem gætu svarað spurningum um gerð kirkna á Þingvöllum og hvort eldri kirkjur eru á svæðinu en þeirra sem getið er í úttektnum.



Uppdráttur af alþingisstaðnum, sennilega frá 1781 - 1782
(Takið eftir gerð kirkjunnar)
Úr bók Matthíasar Þórðarsonar, Þingvöllur

Mynd 7 Uppdráttur af alþingisstaðnum, sennilega frá 1781-1782

¹⁰ Orri Vésteinsson 1999:10



Mynd 8. Yfirlitsmynd og teikning af svæði B við suðurhlíð kirkjunnar

2.4 Merkilegir gripir

Margir merkilegir gripir komu fram við fornleifarannsóknina á Þingvöllum og hér á eftir verður stutt umfjöllum um helstu gripin.

Sá gripur sem vakti hvað mesta athygli var innsiglihringur úr gulli sem fannst í mannvistarlagi [6] framan við kirkjuna. Hringurinn fannst í litlu og afmörkuðu lagi sem innihélt mikið magn af gripum sem ekki virtust svo gamlir. Hringurinn er fallegur gripur sem vakti mikla athygli og hafa margir velt fyrir sér hvaða tákn eru á honum. Anton Holt myntsérfræðingur Seðlabanka Íslands fékk hringinn til skoðunar og sendi frá sér eftirfarandi hugleiðingar í tölvubræfi:

„Þetta er gull hringur frekar smár jafnvel fyrir litla putta enda var oft lenska að nota "signet" hringa á litla putta. Gullið er 12ct (12 katöt eða 12/24 gulls eða 50% gull) það er nokkuð merkilegt út af fyrir sig því notkun á þeirri blöndu var ekki svo algeng einnig að það sé stimplað í hringinn innanverðan. Steinninn er af gerðinni "heliotrop" stundum nefndur blóðsteinn. Þetta er tiltölulega mjúkur hálf eðalsteinn og oft notaður í innsigli, í steinninn er grafið, mín túlkun á því sem þar stendur er; þetta eru samsettir stafir sem óhjákvæmilega mynda skjöld vegna lögunar steinsins. Stafirnir speglast og eru "F" og "I" (J) auk sveigs sem fer þvert á stafina. Sveigurinn kemur saman í miðjunni og myndar þar skjöld sem að er með krossmarki í sem myndast af "I" inu og neðri armi "F" anna. Ofan á efri arm "F" anna eru tveir spíssar sitt hvoru megin við efri hlutan af "I" inu þetta gæti átt að mynda/tákna kórónu. Kosturinn við spegilgröft er að það er hægt að lesa stafina jafnt á réttunni sem á röngunni. Þá er aðeins eftir stóra spurningin hver var FI (J) mín tillaga sem er ef til vill ekki alveg út í hött að þetta sé hringur Finns Jónssonar biskups. (1754-1785). Þetta gæti passað en mér finnst hringurinn frekar hafa það yfirbragð að vera frá um 1800 „/AH



Mynd 9. Skýringarmynd eftir Vilhjálmi Örn þar sem hann hefur sett liti máli sínu til skýringar

Margir veltu fyrir sér uppruna hringsins, hver hefði átt hann og hvað tákn hans þýddu. Skýrsluhöfundar hafa ekki tekið afstöðu til málsins né lagst í frekari rannsóknir á hringnum. Dr. Vilhjálmi Erni Vilhjálmsyni fornleifafræðingur var send mynd af hringnum stuttu eftir að hann fannst. Hann fjallaði síðan um niðurstöðu sína á vefsíðu sinni þann 26.11.2009. Þetta er mjög skemmtilega hugleiðing um hringinn og er eftirfarandi umsögn tekin af vefsíðu hans, með hans samþykki.

„Ég var nýlega spurður um álit mitt á þessum grip. Ég var sammála því að hringurinn væri úr gulli og að steinninn væri blóðsteinn (heliotrop). Ég taldi af myndum að dæma, að gullkarat hans væri mjög lágt. Ég er hins vegar ekki sammála sérfræðingi Seðlabankans um áletrun þá sem skorin er í stein hringsins. Sérfræðingurinn er oft fenginn til að tjá um sig um áletranir og myntir. Í stein hringsins er skorið A w og I sem ekki þýðir neitt annað en Alfa, Omega (með litlum staf) og Iesus, skrifað upp á grísku. Skammstöfun fyrir Jesús, Upphafið og Endinn.

Til að kóróna þetta, er það sem sérfræðingur Seðlabankans taldi vera kórónu, þrjú vöff. V V V, sem samkvæmt þessum fornleifafræðingi er skammstöfun fyrir Veni, Vidi, Vici. Þessi fleygu orð Cæsars hafa oft verið tengd Jesús, sem kom sá og sigraði,¹¹

Vilhjámur Örn tók tekur það fram að ekki sé um neina lokatúlkun að ræða heldur aðeins eina tilgátu á túlkun á hringnum. Hann telur jafnframt að hringurinn beri þess merki að vera ekki mjög forn, Hugsanlega frá miðri 19.öld¹²

Fleiri athyglisverðir gripir fundust við rannsóknina. Í svörtu lífrænu lagi fannst lóð F-4 sem var vigtað stuttu eftir að það fannst og reyndist það 253 grömm en þess ber að geta að lóðið hafið ekki verið þrifið þá. Hið forna mál, mörk var einmitt 249 gr. og líklegt að lóðið sé einmitt ein mörk. Annað sem vakti athygli er nokkuð magn af blýi en alls fundust 13 gripir úr blýi og þar á meðal voru nokkrar kúlur. Flestir blýgripirnir fundust í lagi [9] og undir því lagi var gjóskan sem greind hefur verið sem K 1721, blýið og kúlurnar eru því yngri og því ekki ólíklegt að um byssukúlur sé að ræða.



Mynd 10 F-4 Lóð

Einn gripur fannst sem þótti bera af en það var silfurpeningur F-5 sem fannst við suðurhlíð kirkjunnar á svæði B. Penningurinn fannst í röskuðu lagi sem var grafið þegar núverandi kirkja var byggð fyrir 150 árum og líklega var hreyft við jarðveg á sömu slóðum við viðgerðir á kirkjugrunninum í gegnum árin .

Anton Holt myntsérfræðingur Seðlabaka Íslands fékk myntina til greiningar og sendi frá sér eftirfarandi greiningu á myntinni.

„Sumarið 2009 fannst við uppgröft við suður vegg kirkjunnar á Þingvöllum peningur, sem er ekki svo óvenjulegt á þessum slóðum því svo virðist sem að í hvert sinn sem grafið er á þessu svæði komi fram myntir og aðrir merkir gripir. Áður hafa komið fram brot af norskum myntum en í þetta sinn mjög heillegur þýskur peningur.

Peningur þessi er sleginn í nafni Ottós III Þýskalands keisara en hann stjórnaði með Aðalheiði ömmu sinni (ekkjju Ottós I) þar sem hann var aðeins þrjú ára þegar hann kom til valda 983. Þessi gerð mynta er tímasett nokkuð vítt eða 983-1002 og líkast til slegin í eða við Goslar, en þar höfðu fundist gjöfular silfurnámur á tíundu öld.

Allir myntfundir frá þessum tíma eru sjaldgæfir hérlandis og merkilegir, en sökum þess fjölda sem sleginn var á sínum tíma eru myntir af Ottó/Aðalheiðar sláttunni nokkuð tíðfundnir þegar

¹¹ Vilhjámur Örn Vilhjálmsson 2009 (<http://postdoc.blog.is/blog/postdoc/entry/984821/>)

¹² Munnleg heimild Vilhjámur Örn Vilhjálmsson 2.Mars 2012

myntir finnast á annað borð. Dæmi; Gaulverjabæjarsjóðurinn sem fannst 1930 samanstandur af um 360 myntum þar af eru 86 eintök af Ottó/Aðalheiðarsláttum,- einn þeirra sex peninga sem fundust að Ketu í Skagafirði er mjög áþekkur þessum pening, en peningurinn er nokkuð skörðóttur og vantar því á hann.- Kristján Eldjárn fann einn slíkan pening við göngu í Þjórsárdal 1965, sá peningur er mjög slitinn öðru megin og því ekki hægt að týpugreina hann að öðru leiti en að vera af Otto/ Aðalheiðar sláttunni.

Peningurinn sem nú er fundinn er af gerðinni Hatz. IV.9. t. (Dbg.1167). Hann vegur 1.29g sem er mjög eðlileg þyngd fyrir pening sem hefur legið í jörðu og tærst nokkuð. Þvermál hans er 17.7mm, peningurinn ber alls 14 merki þess að hafa verið gæða prófaður með stungum eða ískurði til að sannprófa silfur innihald hans.¹³



Mynd 11 Myntin sem fannst á Þingvöllum árið 2009


Sama mynnt í betra ásigkomulagi

¹³ Anton Holt (2009) tölvupóstur frá 12.11.2009

3. Artifacts from the 2009 Þingvellir excavation

By: *Sigríð Cecílie Juel Hansen*, with contribution by: *Etel Colic, Aline Wacke, Guðrún Jóna Þráinsdóttir and Lísabet Guðmundsdóttir.*

The finds assemblage comprises of 1119 finds and fragments registered within 348 find numbers. All finds are in full: F2009-65-xx but will be presented in the following as F-xx. When referencing to a context it will be presented as [x].



3.1 Metal artifacts:

The metal artifacts compile to 649 items, registered under 146 find numbers with a total weight of 2697g. The material is registered within four overall types all analyzed separately underneath. The categories are: Iron (128 find numbers), Bronze/copper alloy (8 find numbers), Lead (13 find numbers) and Silver (1 find number).

3.1.1 Iron:

Iron is the dominating component of the metal artifacts and the collection consist of 598 items, registered under 128 find numbers with a total weight of 2590g. The material has been categorized into types to the extent possible and consist of nails and roves, knives, hinge, punch, slag, horseshoes and several fragments and metal sheet of unknown use.



Mynd 12 Selection of small to medium sized nails and studs

Nails

Nails are the most frequently found iron artifact at the site and the collection consist of 551 finds, registered under 89 find numbers, where nails of similar type (flat t-head, round head, rose head, rectangular, quadratic or round shaft) and size of head and shaft (s/m/l) within the same contexts were packed together. In addition, all fragments of nails or heads were packed together within the same contexts, if they were not determinable to size and shape. The entire



Mynd 13 Selection of large to medium sized nails of various types

assembly is more or less corroded and consists of mostly broken or bent nail that clearly have been in use. Most of the nails are handmade, which is common in Icelandic assemblages up until the 20th century. In addition are a portion of mechanically produced wire nails in various sizes.

The nails were primarily recovered from the more disturbed post-medieval contexts in both area A and B, but few examples have been recovered from the medieval floor layers (F-251, 252, 253 and 254).

With exception of the wire nails with small round heads and quadratic shafts, the nails are predominantly flat t-headed with rectangular shafts, tapering towards the pointy end, varying in size from small studs to large nails. These types of nails would have been used both in structures, furniture, various fittings and the smaller examples in horseshoes.

Another category of nails are the large handmade dome-headed nails with rectangular shafts ex. F-279 in [27] and F-305 in [20] and two dome-headed nail with square, tapering shafts F-181 in [22]. These might have been some sort of finishing or decorative nails. Another variation of this type is two large nails (F-317 in [25]) with round, faceted/rosehead style heads and square shafts, seemingly unused. Lastly there are one iron clamp F-176, rounded with pointy ends.

Clench bolts and Roves

There are two finds registered as clench bolts with the clench nail and or parts of the rivets and roves preserved (F-304 in [21] and F-79 in [25]). In addition to the clench bolts are four roves F-323 in [20], F-324 in [27], F-325 in [37] and F-326 in [25]. In the two latter examples parts of the nail is still preserved and all the roves are rather irregular in shape.

Knives

Three objects have been classified as knives or possible knives. F-174 from [22] is the only object preserved with both blade and part and the shaft. The blade has a triangular cross section. The two other objects are only partially preserved, F-157 only with he shank and F-65 only with the pointy end of the blade with a triangular cross section.



Mynd 14 F-174 Knife

Fittings

Five iron objects were identified as possible fittings, probably for wooden items such as doors or caskets. F-319 has a loop in one end and a pointed shaft in the other end, possibly part of a door hinge, found in [33]. F-321 is smaller but also has both a loop and a shaft. The shaft with a 90 degree bend angle. F-320 from [33] and F-322 from [31] might be of similar use but only the shank remains of the fittings. The other find, F-332, is a diamond shaped flat object with a hole in the center and a broken shaft. Probably been mounted to a wooden object through the hole.



Mynd 15 F-332 possibly part of hinge or fitting

Punch

F-318 from [3] has been classified as a punch. It has a broad neck and tapering shaft. It would have been used handheld or if hot held with tongs and used to punch holes in various materials e.g. leather¹⁴.



Mynd 16 F-322 and F-319 fittings and F-318 punch to the right.

Horseshoes

Four finds are registered as horseshoes or parts of horseshoes, F-70, F-173, F-331 and F-339

Iron slag

F-255: Large piece of round, oblong slag, most likely iron smelting slag of the tap slag type¹⁵ with distinctive smooth ropy, flowed outer surface, in cross section it is very fine grained with small cavities in the structure. The material has been tested with a magnet and seems to have a high metal content preserved. It would, however, require a thin sectioning and morphological analysis to determine if this macroscopic determination is correct. Found in floor layer [17].

Iron objects of unknown use

13 of unknown use, mostly fragments of objects. Only few of them with any definable details.



Mynd 17 Iron tap slag F-255

¹⁴ Ottaway 1992, Fig 197 F-2213

¹⁵ Lucas (ed) 2009, p. 272

3.1.2 Bronze/Copper Alloy:

The collection of bronze or copper alloy consist of 26 items, registered under 8 find numbers with a total weight of 43g. The majority of objects are nails but few other bronze objects were recovered and the entire collection was found in the disturbed post mediaeval layers in both area A and B (primarily contexts 3, 6 and 9).

Bronze and copper alloy nails

